

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-66/2018.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á gjafabréfi af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að gildistími gjafabréfsins sé of skammur, en bæði þarf að bóka ferð og að fara í ferðina innan gildistímans, sem er eitt ár. Álitsbeiðandi óskaði því eftir framlengingu gjafabréfsins, en seljandi féllst ekki á það. Álitsbeiðandi telur að skilmálar seljanda, sem liggja að baki kaupunum og birtir eru á heimasíðu seljanda, séu í bága við réttmæta viðskiptahætti og fari gegn lögum um um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

### II

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Hinn 11. október 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum um málið og skýrari kröfur innan tveggja vikna. Álitsbeiðanda var bent á þau lög sem nefndin starfar samkvæmt og skýrt frá því að nefndin hafi ekki umboð til að byggja álit sín á öðrum lögum og réttarreglum en þeim sem falla undir framangreinda lagabálka. Þá var álitsbeiðanda bent á að nefndin geti ekki gefið út álit sem miði að því að breyta fyrirliggjandi samningi milli málsaðila og því verði álitsbeiðninni vísað frá, haldist hún óbreytt. Var álitsbeiðandi beiðinn um að gera skýrlega grein fyrir kröfum sínum á grundvelli þeirra laga sem nefndin starfar samkvæmt.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

### II

## Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson